

## AFKOMA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2013

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 4,2 ma. kr. á 3F13 (3F12: 4,6 ma. kr.) og 15,4 ma. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins (9M12: 16,2 ma. kr.).
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 10,6% á fjórðungnum (3F12: 13,3%) en 13,4% sé horft til fyrstu níu mánaða ársins (9M12: 16,3%). Lækkun á arðsemi skýrist að mestu af hærra eigin fé, sem hefur hækkað um 3% á milli fjórðunga og 14% á milli ára.
- Eiginfjárlutfall var áfram sterkt eða 27,2% (júni 2013: 27,4%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 23,9% (júni 2013: 24,0%), þrátt fyrir 3,5% hækkun á áhættuvegnum eignum á fjórðungnum í 663 ma. kr. (júni 2013: 641 ma. kr.).
- Hreinar vaxtatekjur námu 7,4 ma. kr. (3F12: 7,8 ma. kr.) sem er lækkun um 5.1% milli ára. Vaxtamunur var 3,5% (2F13: 3,4%) og fer lækkandi samhliða því að afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 0,6 ma. kr. á fjórðungnum (3F12: 0,7 ma. kr.) og um 8,5 ma. kr. fyrir fyrstu níu mánuði ársins (9M12: 2,8 ma. kr.).
- Hreinar þóknatekjur jukust í 2,5 ma. kr. á fjórðungnum (3F12: 2,3 ma. kr.) og 7,6 ma. kr. sé litið til fyrstu níu mánaða ársins (9M12: 6,7 ma. kr.). Hækkunin er um 8% á milli ára og 13% yfir 9M og má að mestu rekja til markaða, viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði í 48,5% (3F12: 50,6%).
- Frá stofnun bankans hafa um 35 þúsund einstaklingar og um 4.100 þúsund fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 524 ma. kr.
- Endurskipulagning gengur vel, hlutfall lána í endurskipulagningu var 9,8% (Sept.2012: 17,4%), meira en 90 daga vanskil voru 5% (des. 2012: 8%).
- Heildareignir voru 863 ma. kr. við lok tímabilsins (júni 2013: 823 ma. kr.), og útlán til viðskiptavina hækkuðu um 2% í 549 ma. kr. (júni 2013: 539 ma. kr.).
- Heildarinnlán hækkuðu í 526 ma. kr. (júni 2013: 506 ma. kr.) en þar koma fram eðlilegar sveiflur í innlánum viðskiptavina og fjármálastofnanna.

### Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Það sem uppúr stendur á fyrstu níu mánuða ársins er sá góði árangur sem við höfum náð í rekstrarhagæðingu þar sem kostnaður bankans lækkaði um 732 milljónir sem er raunlækkun kostnaðar 7,5% á milli ára. Þessi lækkun byggir á ýmskonar markvissum aðgerðum m.a. sameiningu útibúa.“

Afkoma bankans var í takt við áætlanir og arðsemi eigin fjár var 13,4% sem hlýtur að teljast gott í ljósi sterkra eiginfjárstöðu en eiginfjárlutfall bankans var 27,2%.

Þó svo að sumarið seti gjarnan svip sinn á þennan ársfjórðung þá var engu að síður mikið um að vera í bankanum. Þóknatekjur jukust um 13% á milli ára í 7,6 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 6,7 milljarða á sama tímabili í fyrra.


Gæði lánasafnsins jókst milli fjórðunga, hlutfall lána í meira en 90 daga vanskilum var 5% í lok tímabilsins og hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA) var 9,8%, sem er mikill árangur en staða lána í endurskipulagningu nam 44% árið 2009.“

### Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Dögg Hjaltalín, dogg.hjaltalin@islandsbanki.is og í síma: 440 3925.


### HAGNAÐUR EFTIR SKATTA

m.kr.



### ARÐSEMI EIGIN FJÁR

%



HELSTU TÖLUR	30.09.13	30.06.13
Efnahagsreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Heildareignir	863	823
Heildarútlán	614	588
Heildarinnlán	526	506
Eigið fé	160	156
Innlánahlutfall	86%	86%
Eiginfjárlutfall A(T1)	23,9%	24,0%
Eiginfjárlutfall	27,2%	27,4%

HELSTU TÖLUR	3F13	3F12
Rekstrarreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	10,6%	13,3%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	4,9%	10,5%
Hagnaður eftir skatta	4,2	4,6
Hagnaður af reglulegri starfsemi	3,9	3,6
Kostnaðarhlutfall	48,5%	50,6%
Kostn.hlutf.án alm.virðisrýrnunar og Virðisbr.útlána	51,0%	52,5%
Vaxtamunur	3,5%	3,9%

## REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	9M13	9M12	3Q13	2Q13	1Q13
Hreinar vaxtatekjur	21.883	24.380	7.365	7.045	7.473
Virðisbreyting útlána og krafna	8.471	2.782	603	4.751	3.117
Almenn virðisrýrnun	(66)	(579)	(48)	106	(124)
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingar	30.288	26.583	7.920	11.902	10.466
Hreinar þóknatekjur	7.584	6.705	2.462	2.670	2.452
Hreinn gengishagnaður (tap)	(1.306)	1.230	409	(152)	(1.563)
Hreinar fjármunatekjur	1.865	1.318	315	669	881
Aðrar rekstrartekjur	1.442	815	314	716	412
Rekstrartekjur samtals	39.873	36.651	11.420	15.805	12.648
Laun og launatengd gjöld	(9.871)	(9.429)	(2.853)	(3.552)	(3.468)
Annar rekstrarkostnaður	(7.959)	(9.090)	(2.431)	(2.693)	(2.835)
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(754)	(798)	(252)	(256)	(246)
Rekstrarkostnaður samtals	(18.584)	(19.317)	(5.535)	(6.501)	(6.549)
Áhrif hlutdeildarféлага	3	0	0	0	3
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>21.291</b>	<b>17.333</b>	<b>5.884</b>	<b>9.304</b>	<b>6.102</b>
Tekjuskattur	(5.365)	(4.463)	(1.570)	(2.347)	(1.448)
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	(529)	3.351	(125)	(334)	(69)
<b>Hagnaður</b>	<b>15.397</b>	<b>16.221</b>	<b>4.189</b>	<b>6.623</b>	<b>4.585</b>
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi *</b>	<b>9.654</b>	<b>10.811</b>	<b>3.867</b>	<b>3.441</b>	<b>2.346</b>


\*Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einskiptisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánaþókninni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaáðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.

### TEKJUR

- Heildar rekstrartekjur voru 11,4 ma. kr. á fjórðungnum, sem er svipað og á sama tíma 2012.
- Um 86% af rekstrartekjum bankans koma frá vaxtatekjum og þóknatekjum. Bankinn hefur lagt áherslu á grunntekjur og stöðugt tekjustreymi til lengri tíma.
- Hreinar vaxtatekjur námu 7,4 ma. kr. (3F12: 7,8 ma. kr.) sem er lækkun um 5,1% milli ára. Vaxtatekjur fara lækkanði í takt við áætlanir eftir því sem afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 0,6 ma. kr. á fjórðungnum, sem er 15,4% lækkun á milli ára (3F12: 0,7 ma. kr.).
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,5% (3F12: 3,9%).
- Verðtryggingarjófnuður bankans var – 1,1 ma. kr. í lok september. Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og vöruþróun á nýjum verðtryggðum innlánnum sem eru bundin til lengri tíma.
- Hreinar þóknatekjur jukust í 2,5 ma. kr. (3F12: 2,3 ma. kr.) sem er hækkun um 8% á milli ára og má að mestu rekja til markaða, viðskiptabanka, eignastýringar og þóknadrifinna dótturfélaga bankans.
- Hreinn gengishagnaður á tímabilinu nam 409 m. kr., samanborið við 491 m. kr. hagnað yfir sama tíma 2012. Gjaldeyrisjófnuður bankans var 22,5 ma. kr. í lok tímabilsins (júní 2013: 19 ma. kr.) sem er um 14% af eigin fé bankans og því innan lagalegra marka um 15% af eigið fé.
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta er gengishagnaður af hlutabréfum Icelandair Group hf., námu 315 m.kr., samanborið við tekjur upp á 213 m. kr. á 3F12.
- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda að megninu til af sölu fasteigna, leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga og fullnustueigna námu 314 m.kr. samanborið við 226m á 3F12.


### HREINAR VAXTATEKJUR

m.kr.



### HREINAR ÞÓKNATEKJUR

m.kr.



## REKSTRARREIKNINGUR – frh. KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall í lok tímabilsins var 48,5% (3F12: 50,6%) Við útreikning kostnaðarhlutfallsins er horft til allra rekstrartekna og –gjalda að undanskilinni afskrift viðskiptavildar.
- Hefðbundnari leið við útreikning á kostnaðarhlutfalli alþjóðlega er að undanskilja, til viðbótar við afskrift viðskiptavildar, einnig almenna virðisrýrning og virðisbreytingu útlána, sem gerir 51,0% (3F12: 52,5%) kostnaðarhlutfall.
- *Heildar rekstrarkostnaður* lækkaði 4.0% í 5,5 ma. kr. (3F12: 5,8 ma. kr.) sem er raunlækkun um 7,5%. Þetta er takt við áherslur bankans að lækka kostnað og árangur í lykilverkefnum bankans er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu. Eins er sértækum kostnaði tengdum samrunum árið 2012 að ljúka.
- *Laun og launatengd gjöld* námu 2,9 ma. kr., sem er hækkun um 1,5% á milli ára. Aukninguna má að nokkru rekja til þess að fjársýsluskattur á laun er nú hluti af þessum lið, en skatturinn hækkaði í 6,75% úr 5,45% árið 2012. Samanlögð áhrif breytinga á tryggingagjöldum og fjársýsluskatti eru 1,2%. Laun lækkuðu í 2,1 ma. kr. frá 2,2 ma. kr. á 3F12 fyrir samstæðuna.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar var 1.287 yfir tímabilið, en starfsmönnum hefur fækkað um 6% frá 3F12. Heildarlaun eru reiknuð af meðalfjölda stöðugilda samstæðunnar.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1,082 yfir tímabilið, sem er 7% fækkun frá sama tíma 2012.
- *Annar rekstrarkostnaður* lækkaði um 9,5% á milli ára, úr 2,7 ma. kr. á 3F12 í 2,4 ma. kr. á 3F13, sem er raunlækkun um 12%.
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 252 m.kr. Framlagið sveiflast með heildarinnlánum og lægri áhættuvigt eftir því sem eigið fé bankans hækkar og hlutfall eigna í endurskipulagningu (LPA) lækkar.


## SKATTAR OG GJÖLD TIL RÍKISSTOFNANA

- *Tekjuskattur* var 1,6 ma. kr. sem er 7,2% aukning frá sama árshluta 2012. Skattheimta hefur aukist töluvert á undanförunum árum, meðal annars með álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- *Bankaskattur*, sem var innleiddur árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum síðastliðins árs, var 76 m.kr. (3F12: 224 m.kr.). Innifalið í fjárhæðinni 2012 var tímabundin skattheimta sem reiknaðist sem 0,0875% af heildarskuldum. Athygli er vakin á því að bankaskatturinn var færður undir liðinn *annar rekstrarkostnaður* og samanburðartölur hafa verið lagfærðar í samræmi við það.
- Fjársýsluskattur á laun hækkaði í 6,75% á fyrri árshelmingi úr 5,45% árið 2012 og var 192 m.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 149 m.kr. á 3F12.
- Kostnaður greiddur til FME og umboðsmanns skuldara var 105 m.kr. samanborið við 115 m.kr. á sama tímabili 2012.
- Skattar og gjöld greidd til ríkisstofnana námu samtals 2,2 ma. kr. á tímabilinu, sem er sambærilegt við þriðja ársfjórðung 2012.

## HAGNAÐUR/TAP AF AFLAGÐRI STARFSEMI


- *Tap af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 125 m.kr., samanborið við 432 m.kr. hagnað á 3F12. Það sem helst hefur áhrif á þennan lið er eignasafn Miðengis, dótturfélags bankans, og eins minni áhrif vegna leigutekna og tekna frá fullnustueignum.

## VAXTAMUNUR




## REKSTRARKOSTNAÐUR

% (án afskriftar viðskiptavildar)




## KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án afskriftar viðskiptavildar)



SKATTAR OG GJÖLD	3F13	3F12
Rekstrarreikningur	m.kr.	m.kr.
Tekjuskattur	1.570	1.465
Bankaskattur	76	224
Fjársýsluskattur	192	149
FME og umboðsmaður skuldara	105	115
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	252	272
<b>Samtals</b>	<b>2.195</b>	<b>2.224</b>

## SKIPTING REKSTRARTEKNA




## REKSTRARREIKNINGUR – frh.

### HAGNAÐUR

- *Hagnaður eftir skatta* var 4,2 ma. kr. á fjórðungnum (3F12: 4,6 ma. kr.) og 15,4 ma. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins (9M12: 16,2 ma. kr.)
- Arðsemi eigin fjár var 10,6% fyrir 3F13 og 13,4% fyrir 9M13, samanborið við 13,3 og 16,3 fyrir sömu tímabil 2012. Lækkun á arðsemi á milli ára er aðallega drifin af hærra eigin fé, sem hefur hækkað um 14% á milli ára, eða frá 140 ma. kr. við lok september 2012 í 160 ma. kr. við lok september 2013.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 3,9 ma. kr. á fjórðungnum (3F12: 3,6 ma. kr.) og 9,7 ma. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins (9M12: 10,8 ma. kr.). Arðsemi af reglulegri starfsemi var 4,9% á fjórðungnum en 8,4% fyrir 9M13.

### HEILDAREIGNIR ISKm




## EFNAHAGSREIKNINGUR - EIGNIR


m.kr.	30.09.13	30.06.13	31.12.12
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	92.980	98.042	85.500
Afleiðusamningar	289	229	127
Skuldabréf og skuldagerningar	76.902	64.281	64.035
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	9.528	10.400	10.445
Útlán til lánastofnana	65.824	48.975	54.043
Útlán til viðskiptavina	548.537	538.565	557.857
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1.490	1.490	503
Varanlegir rekstrarfjármunir	9.085	9.153	5.579
Óefnislegar eignir	247	272	261
Tekjuskattsinnæign	1.059	1.139	864
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	45.782	44.886	39.046
Aðrar eignir	10.810	5.497	5.115
<b>Eignir samtals</b>	<b>862.533</b>	<b>822.929</b>	<b>823.375</b>

- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 77 ma. kr. við lok tímabilsins, og samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru í lausafjarsafni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 9,5 ma. kr. við lok tímabilsins, sem er lækkun frá 10,4 ma. kr. í lok júní 2013. Breytingin stafar að stærstum hluta af sölu hluta í Ícelandair. Bankinn hefur markvisst selt eignir í óskyldum rekstri og vert að nefna í því samhengi að hlutur bankans í Ícelandair hefur lækkað í 2% hlut úr 19,9% við lok mars 2012.
- *Lán til viðskiptavina* námu 548,5 ma. kr. (júní 2013: 538,6 ma. kr.), sem er 2% hækkun á milli fjórðunga. Aukningin er einkum vegna nýrra lána til fyrirtækja í verslun og þjónustu (9ma. kr.) og fasteigna (6bn). Þrátt fyrir nýjar lánveitingar gætir þess á fyrstu níu mánuðum ársins að viðskiptavinir nýti það svigrúm sem gefst til að greiða upp skuldir. Endurskipulagningarverkefni sem hafa leitt til yfirtöku fyrirtækja hafa einnig lækkað útlánatöluna þar sem lán til fyrirtækja í eigu bankans eru ekki sýnd í efnahagsreikningnum.
- Gert er ráð fyrir að endurskipulagning stærstu fyrirtækjaútlána verði að mestu lokið í árslok 2013 og fyrir alla lánabókina við árslok 2014.
- Gæði eignasafns hélt áfram að batna, en hlutfall lána í endurskipulagningu var 9,8% við lok tímabilsins, en var 44% árið 2009.
- Hlutfall lána í meira en 90 daga vanskilum var 5%, samborið við 8% við árslok 2012.
- *Fastafjármunir til sölu* hækkuðu lítillega í 45,8 ma. kr. (júní 2013: 44,9 ma. kr.), eða um 2%.
- *Heildareignir* bankans námu 863 ma. kr. við lok tímabilsins, samanborið við 823 ma. kr. við lok júní 2013, sem er hækkun um 4,8%

### LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA)



### ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA %, eftir geirum 30.09.13




## EFNAHAGSRREIKNINGUR – SKULDIR

m.kr.	30.09.13	30.06.13	31.12.12
Afleiðusamningar og skortstöður	12.866	11.082	18.435
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	29.767	29.405	38.272
Innlán viðskiptavina	496.453	476.212	471.156
Lántaka	79.194	74.764	66.571
Víkjandi lán	22.565	22.249	23.450
Skattskuldir	6.051	5.269	2.052
Tekjuskattskuldbinding	25	30	20
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	9.778	8.913	6.805
Aðrar skuldir	46.170	39.468	48.954
<b>Skuldir samtals</b>	<b>702.869</b>	<b>667.392</b>	<b>675.715</b>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>159.664</b>	<b>155.537</b>	<b>147.660</b>
<b>Heildarskuldir og eigið fé</b>	<b>862.533</b>	<b>822.929</b>	<b>823.375</b>


### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* hafa verið stöðug og voru 496,5 ma. kr., samanborið við 476,2 ma. kr. við lok júní. Hlutfall innlána á móti útlánnum var 85,7% (júní 2013: 86,1%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina hækkaði í 90,5% (júní 2013: 88,4).
- *Innlán lánastofnana og Sí* hækkuðu í 29,8 ma. kr. úr 29,4 ma. kr. en slík innlán eru kvikari og flökta á milli tímabila.
- *Lántaka* nam 79,2 ma. kr. (júní 2013: 74,8 ma. kr.) sem er 6% hækkun á milli fjórðunga. Þar af námu sértryggð skuldabréf 18,8 ma.kr. og víxlar 9 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 22,6 ma. kr. og stendur í að mestu í stað milli ársfjórðunga. Þar er um að ræða Tier 2 skuldabréf að fjárhæð 138 m. evra.
- *Heildarskuldir* námu 702,9 ma. kr. samanborið við 667,4 ma. kr. við lok júní. sem er hækkun um 4,9%.
- *Eigið fé* bankans nam 160 ma. kr., sem er hækkun um 2,7% á milli fjórðunga og 14% á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall bankans er áfram sterkt í 27,2% þrátt fyrir greiðslu arðs á fjórðungnum (júní 2013: 27,4%). Þar af var eiginfjárhlutfall A (Tier1) 23,9% samanborið við 24,0% í lok júní 2013.

### INNLANAHLUTFALL



### EIGINFJÁRHUTFÖLL



### FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárhutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Við lok tímabilsins nam laust fé 38% af heildarinnlánnum sem er vel yfir 20% kröfu FME. Reiðufjárhlutfall bankans var 18% í lok árs og er vel yfir 5% kröfu FME.
- Íslandsbanki hefur undirritað grunnlýsingu vegna útgáfu skuldabréfa í erlendri mynt (Global Medium Term Note Programme – GMTN) að jafnvirði 250 milljónir bandaríkjadala og mun nýta tækifærið ef réttar aðstæður skapast á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum.
- Íslandsbanki var fyrstur til að skrá víxla í kauphöll Íslands í febrúar 2013 og markaði mikilvægt skref í að fjölga stoðum í fjármögnun bankans. Ramminn er allt að 25 ma. kr. og stefnt er á reglulega útgáfu yfir árið.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa, og hefur alls gefið út 22 ma. kr. frá því bankinn fyrstur fjármálafyrirtækja eftir hrun gaf út skráð verðbréf í desember 2011. Bankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega.

### FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar.

- Þögult tímabil 10. feb. – 19. feb. 2014
- 4F13 – 20. febrúar 2014
- Aðalfundur – 2. apríl 2014
- 1F14 – 22 maí 2014
- 2F14 – 21. ágúst 2014
- 3F14 – 20. nóvember 2014
- 4F14 – febrúar 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á

[www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl](http://www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl)